

Original Häftgrund Snickeri Akrýlgrunnur

Efnislýsing

Original Häftgrund er vatnsþynnanlegur, akrýlbundinn viðloðunar- og slípigrunnur fyrir ómálaða fleti og sem undirlag fyrir yfirmálun. Original Häftgrund er fyrst og fremst ætlaður til innanhússnotkunar á viðarfleti. Vegna einstakra viðloðunareiginleika má einnig nota grunninn á flísar, límtré, krossvið, hart PVC plast, lakkað tréverk og fleira.

Meðhöndlun

Best er að bera Original Häftgrund ríkulega á til að tryggja að grunnurinn fljóti vel út og fylli vel í ójöfnur.

Slétta fleti skal matta áður en grunnað er. Á gljúpa fleti skal þynna grunninn 10% með vatni. Kvistir á ómáluðum viðarflötum skulu fyrst málaðir með Original Kvistlack, tvisvar sinnum.

Því næst má grunna flötinn með Original Häftgrund. Spartilð eftir að grunnað hefur verið. Þússið vel og fjarlægjið allt ryk. Grunnmálið síðan yfir spartilð með Original Häftgrund. Málið tvisvar sinnum yfir með málningu, akrýl- eða pólýúretanlakk.

Þegar grunnað hefur verið með Original Häftgrund skal ekki lakk mála flötinn fyrr en næsta dag til að tryggja sem bestan árangur.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 7%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 16 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, lakkrúllur, málningarsprautur

Þekja: 5-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 0,5, 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Stofnar: BM og BW

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l.):

Inniheldur mest 90 g/l.

Umhverfi

Original Häftgrund uppfyllir staðla Blómsins og Svansins sem eru umhverfismerki

Evrópusambandsins og Norrænu ráðherra- nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á

www.nordic-ecolabel.org

